

# Rannsóknaraðferðir atferlisgreiningar

## E-707-RAAT



**Ár:** 1. ár

**Önn:** Haustönn.

**Tegund námskeiðs:** Skylda.

**Undanfarar:** Engir.

**Kennari:** Þorlákur Karlsson.

**Lýsing:** Í þessu námskeiði eru kannaðar helstu meginreglur og aðferðir rannsókna á sviði atferlisgreiningar með áherslu á tilraunagreiningu atferlis með notkun einliðasniða. Stýrðar tilraunir með einliðasniði eru greindar frá óstýrðum (klínískum) ferilsrannsóknum og áhersla er lögð á hlutverk mælingar í einliðasniðum, þ.m.t. fjöldi tilvika (þ.e. talning); tíðni (þ.e. talning yfir tímabil); tímalengd/varanleiki; svörunartöf; millisvörunarbil; prósentutilvik; og fjöldi atruna sem þarf til að ná frammistöðustigi (trials to criterion). Nemendur læra að ákvarða samræmi milli matsmanna; meta nákvæmni og áreiðanleika mælingaraðferða; hanna, teikna og túlka gögn með notkun jafnbilsrita; hanna, teikna og túlka gögn í hlaðriti; hanna og beita afmörkuðum athugunaraðferðum (t.d. hlutbilskráningu og heilbilskráningu, tímaúrtaki); hanna og beita valkostamælingum; hanna og beita samfelldum athugunum; og hanna og beita atburðarriti. Þessu til viðbótar læra nemendur að nota víddir hagnýtrar atferlisgreiningar við mat á íhlutun til að ákvarða hvort þau séu atferlisgreining (eins og útlitað er af Baer, Wolf, & Risley, 1968); rýna viðkomandi efni og túlka greinar um atferlisgreiningu; stjórna með kerfisbundnum hætti frumbreytum til að sýna áhrif þeirra á fylgibreytur; nota vendisnið, fjölliðasnið (þ.e. fjölþáttasnið, samtíma-meðferðarsnið, og snið með fjölliða-styrkingarháttum og samskeiða-styrkingarháttum), breytileg viðmiðunarsnið, snið með margþættum grunnskeiðum, margþætt matssnið, setja saman mismunandi þætti í snið, gera áhrifagreiningu þátta (þ.e. ákvarða áhrifaríka þætti í margs konar íhlutun); og gera greiningu á áhrifagildum frumbreytu (þ.e. ákvarða áhrifarík gildi afleiðinga, sem er frumbreytan, svo sem varanleika eða styrk).

**Lærdómsviðmið:** Að námskeiði loknu á hver nemandi að:

- Sýnt fram á þekkingu á kenningum og framkvæmd margvíslegra aðferða til söfnunar, greiningar og túlkunar gagna með notkun einliðasniða.
- Sýnt fram á þekkingu á margs konar einliðasniðum og skapað nýjar samsetningar tiltekinna þátta í tilraunasniði.
- Borið saman helstu valkosti einliðasniðs og vísað til dæma þar sem greint hefur verið frá slíkum sniðum í ritrýndu efni.
- Beitt einliðasniði við að breyta hegðun manns eða annars dýrs og gert grein fyrir því á fræðilegan hátt í skýrslu.

---

**Námsmat:** Gerð er krafa um að nemendur taki þátt í les- og umræðuverkefnum í kennslustofu og eru nemendur metnir á grundvelli skriflegra verkefna og lokaprófs. Hluti þessa felur í sér að nemendur skoða efni um atferlisgreiningu á tilteknum efnissviðum, hanna viðeigandi rannsókn með einliðasniði til að sýna fram á meginreglur hegðunar og rýna vinnu hvers annars í þessu tilliti í umræðum í tíma.

**Tungumál:** Íslenska.

**ECTS:** 6